

Dalvíkurbyggð  
Börkur Þór Ottósson,  
sviðsstjóri  
Bæjarskrifstofan ráðhúsinu  
620 Dalvík



Reykjavík, 28. nóvember 2013  
Tilvísun: UST20131100058/ksj

### Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi við Kirkjuveg, Dalbæ og Krílakot, Dalvíkurbyggð.


Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar er barst 8.nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi við Kirkjuveg, Dalbæ og Krílakot, Dalvík.


Skipulagssvæðið er alls um 3,9 ha og liggur að miðbæ Dalvíkur. Áætlað er að í væntanlegu deiliskipulagi verði skilgreind stækkun leikskólans Krílakots, og íbúðarbyggð í tengslum við dvalarheimilið Dalbæ. Áætlað skipulagssvæði liggur að útivistarsvæðum bæði að norðan og sunnan, þ.e. Lágín og Kirkjubrekkan. Lágín er útivistarsvæði með tjörnum, trjágróðri og fuglalífi. Kirkjubrekkan er breið grasbrekka sem nýtist sem sleðabrekka á veturna og sem samkomuflöt.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ekki verði gengið á ofangreind græn svæði og bendir á mikilvægi þess að þeim verði ekki raskað á framkvæmdatíma

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi við Kirkjuveg, Dalbæ og Krílakot Dalvíkurbyggð

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun